

# Landsbréf - BÚS I

Stofnefnahagur 21. desember 2016

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Efnahagsreikningur .....	6
Skýringar .....	7

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Landsbréf - BÚS I er fagjársfestasjóður sem er starfræktur er í samræmi við ákvæði IV.kafla í lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagjársfestasjóði nr. 128/2011.

## Yfirlýsing stjórnenda


Stjórn og framkvæmdastjóri Landsbréfa hf. staðfesta stofnefnahagsreikning sjóðsins með undirritun sinni.


Reykjavík, 27. júlí 2017

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:













# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á árinu 2016 og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfa ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar veða þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Reykjavík, 27. júlí 2017

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

J. Steinar Jónsson  
David A. Einarsson

# Efnahagsreikningur 21. desember 2016

---

	21.12.2016
<b>Eignir</b>	
Handbært fé.....	1.000
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>1.000</u></b>
<b>Skuldir</b>	
Hlutdeildarskírteini.....	1.000
<b>Skuldir samtals</b>	<b><u>1.000</u></b>

# Skýringar

---

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Stofnefnahagsreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stofnefnahagurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað.

### 1.2 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

### 1.6 Skattamál

Fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði bréfanna við innlausn. Hjá lögaðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti skv. lögum nr. 94/1996. Þeir eru þó ekki undanþegnir fjármagnstekjuskatti í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hérlendis.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðanna hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem áhrif breytinga á gengi fjármálagerna, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerna þar sem það á við. Nánari upplýsingar um fjárhagslega áhættuþætti má finna í útboðslýsingum sjóðanna á vefsíðu félagsins [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is).

## 3. Hlutdeildarskírteini

Í stofnefnahag eru hlutdeildarskírteini 1.000.000 hluta á upphafsgengi sjóðsins sem er 1,00